

KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 131/496
komudagur 6.12.2004

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3.12.2004
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um 36. mál (réttur smárra hluthafa)

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. nóvember 2004 þar sem óskað er um umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um hlutafélög.

1. gr. 1/10 í stað ¼ í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995


Kauphöllin tekur undir þau sjónarmið sem búa að baki lagafrumvarpinu um að leitast skuli við að minnihlutavernd í hlutafélögum sé tryggð eins og kostur er, án þess að það verði fyrirtækjunum fjötur um fót. Leggja verður áherslu á að farið verði varlega í þessu sambandi og gæta þess að lagaumhverfi íslenskra fyrirtækja sé ekki meira íþyngjandi heldur en þekkist á nálægum mörkuðum. Í þessu sambandi liggur ekki fyrir í skýringum hvort að sambærilegar kröfur séu gerðar í lögum nálægra ríkja og hvaða reynsla er af slíkum ákvæðum þar. Þá liggur ekki heldur fyrir umfjöllun um reynslu annarra ríkja þar sem minnihlutaverndin er jafn rík að þessu leyti, t.d. hvort að upp hafa komið tilvik þar sem að samkeppnisaðilar hafa misnotað slík ákvæði með 10% eignhaldi til að skapa óróa hjá viðkomandi félögum.

Kauphöllin telur mikilsvert að kanna hvort að ekki séu mildari leiðir til að ná fram markmiðinu. Þannig gæti aukin krafa um upplýsingagjöf fyrirtækja skilað þeim árangri sem stefnt er að. Einnig má styrkja innri eftirlitskerfi fyrirtækja, sbr. t.d. ákvæði núgildandi 73. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 sem gerir ráð fyrir að hægt sé að kjósa fulltrúanefnd sem skal meðal annars hafa eftirlit með því hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins, svo og láta aðalfundi í té umsögn um hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tilögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn mega ekki vera í fulltrúanefnd.

Síðast en ekki síst má benda á að Kauphöll Íslands hf. hefur ákveðið að skráðum félögum beri að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eða skýra ella í hvaða atriðum þau víkja frá þeim og á nánar tilgreindum tímabilum. Í leiðbeiningunum er lögð áhersla á ábyrgð stjórnar og gert ráð fyrir stofnsetningu eftirlitsnefnda um ýmis atriði. Um þetta vísast nánar til breytinganna sem eru aðgengilegar á heimasíðu Kauphallarinnar, www.icex.is, en nýjar reglur munu taka gildi um næstu áramót.

2. gr. Sérfræðiskýrslur

Að sama skapi og að ofan greinir telur Kauphöllin mikilvægt að gætt sé meðalhófs í setningu íþyngjandi ákvæða að þessu leyti og kannað hvort ekki megi ná fram markmiðum með mildari hætti. Kauphöllin teldi þannig eðlilegt að kannað yrði hvort



ekki væri nægilegt að birta í ársreikningi upplýsingar um kaup félagsins á eignum hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdarstjóra eða félögum sem þessir aðilar eiga ráðandi hlut í. Kauphöllin gerir kröfu um slíkar upplýsingar séu gefnar um óvenjuleg viðskipti stjórnar og æðstu stjórnenda, sbr. t.d. ákvæði 2.5.6-2.5.7 í reglum fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöll Íslands hf. Hér telur Kauphöllin sérstaklega mikilvægt að hugað sé að smærri fyrirtækjum utan skipulegs verðbréfamarkaðar sem eftir atvikum kunna að vera í eigu fárra aðila. Krafa um gerð sérfræðiskýrslu myndi teljast óþarfa kostnaður í hlutafélagi þriggja aðila ef allir hluthafarnir selja samskonar eign til hlutafélagsins.

Að lokum verður ekki hjá því vikist að benda á að á næstu árum eru fyrir séðar verulegar breytingar á umhverfi fyrirtækja héraendis vegna framkvæmdaáætlunar Evrópusambandsins á sviði verðbréfaréttar. Við þær aðstæður telur Kauphöllin að ráðlegast sé að fara varlega í allar breytingar sem ekki leiða beint af réttargerðum Evrópusambandsin að teknu tilliti samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja verði ekki lakara en þar gildir. Afleiðingar þessa kynnu að vera að rekstur smárra fyrirtækja héraendis yrði of þungur og þau færi sig í auknum mæli til annarra ríkja sem aftur kynni að hafa neikvæð þjóðhagsleg áhrif.

Virðingarfyllt,

Ragnar P. Jónasson,
forstöðumaður lögfræðisviðs.